STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 2001

31. maí 2001 145 Nr. 75

LÖG

um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Heimild til sölu.

Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

2. gr.
Skuldbindingar.

Um skuldbindingar og starfsemi Landssíma Íslands hf. á sviði fjarskipta fer samkvæmt leyfisbréfi útgefnu af Póst- og fjarskiptastofnun og reglugerð um alþjónustu.

3. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skal hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., útgefið 23. janúar 1998, vera ógilt við útgáfu á rafbréfum í félaginu í verðbréfamiðstöð án undangenginnar innköllunar.

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög gildir ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er að fullu í eigu ríkissjóðs.

Samgönguráðherra fer með eignarhlutdeild ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.